

Stjórn Sorpu bs.

Ár 2018, föstudaginn 21. september, var haldinn 395. fundur stjórnar SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins og hófst hann kl.07:30. Fundarstjóri var Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður. Mætt voru: Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri sem jafnframt ritaði fundargerð. Gestur fundar undir lið 2 er Hörður Felix Harðarson lögmaður.

Líf fer af fundi kl. 08:42, Bjarni fer af fundi kl. 08:47.

Tekið fyrir:

1. Rekstraráætlun 2019 - 2023
Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir ný drög að rekstraráætlun fyrir árin 2019 – 2023. Forsendur voru kynntar á eigendafundi þann 3. september sl. og fyrstu drög rædd á fundi stjórnar 12. september sl. Málið rætt og frestað þar til að loknum eigendafundi.
2. Metanlögn og afgreiðsla á bækistöð Strætó bs. á Hesthálsi
Kynnt svarbréf Samkeppniseftirlits við erindi SORPU vegna hugsanlegrar afgreiðslu SORPU bs. á metani til Strætó bs. á Hesthálsi. Málið rætt. Framkvæmdastjóri kynnir fyrstu áætlanir um kostnað við að koma upp afgreiðslustöð fyrir metan á bækistöð Strætó bs. á Hesthálsi. Verkið felst í tengingu leiðslu upp á Hestháls og uppsetningu tækjabúnaðar fyrir áfyllingu á metanvögnum. Málið rætt.

Næsti fundur ákveðinn 3. október kl. 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 08:50

Birkir Jón Jónsson

Ágúst Bjarni Garðarsson
Kolbrún Þorsteinsdóttir

Jóna Sæmundsdóttir